



Fundargerð

7. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 09:00 þriðjudag 15. nóvember 2022 í Fjölheimum á Selfossi.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- Verkefni síðastliðinn mánuð og það sem er framundan
- Drög að fjárhagsáætlun
- Önnur mál

Katrín setur fund og býður Ragnhildi velkomna sem nýjan framkvæmdastjóra og felur henni að fara yfir verkefni síðastliðinn mánuð og það sem er framundan.

[Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan](#)

Áfangastaðaáætlun – DMP

- Vinna við áfangastaðaáætlunina hefur ekki verið mikil undanfarið en nýr starfsmaður kemur að vinnu við að klára síðustu skrefin í uppfærslu áætlunarinnar. Listi yfir áherslustaði sveitarfélaganna var sendur til Ferðamálastofu og framkvæmdasjóðsins í tengslum við umsóknarferli sjóðsins.
- Vinna hefur verið í gangi að áhersluverkefni um Eldfjallaleiðina sem er eitt af þeim verkefnum sem komu út frá vinnu við áfangastaðaáætlun. Verkefnið er unnið í samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness eru verkefnastjórar að móta grunninn og undirbúa vinnustofur með hagaðilum um allt Suðurland og Reykjaness.

Framundan eru vinnustofur Eldfjallaleiðarinnar (5-6 staðir um allt svæðið) sem verða haldnar í nóvember og byrjun desember. Einnig verður send inn umsókn/tillaga að áhersluverkefni

Sóknaráætlunar Suðurlands sem er framhald þeirrar vinnu sem nú er verið að vinna. Framhaldsverkefnið mun snúast að markaðssetningu Eldfjallaleiðarinnar og búa til markaðsefni fyrir leiðina.

Samstarf með Íslandsstofu

Árlega er unninn áherslulisti landshlutans til Íslandsstofu (topp 10) sem þau nota svo í vinnu með PR stofunum erlendis og á sýningum/vinnustofum. Þessi listi var uppfærður í byrjun nóvember. Einnig var kallað eftir upplýsingum til að nota við vinnu að South Iceland Guide (er verið að vinna með öllum landshlutum) til að nota á vef og samfélagsmiðla Inspired by Iceland. [Hlekkur á umfjöllun á vef Inspired by Iceland.](#)

Vinnustofur og sýningar

- Í byrjun nóvember var haldin tveggja daga rafræn vinnustofa, þar sem starfsfólk MSS átti fundi með 20-30 ferðasölum frá Ítalíu og Frakklandi. Sumir voru nýbyrjaðir að selja Ísland eða ekki verið með í boði í einhvern tíma en aðrir selja Ísland mikið og hafa gert lengi. Fyrirspurnum ferðasala var svarað auk þess að í boði var að fá tvenns konar kynningu á landshlutanum, almenna kynningu á Suðurlandi eða fréttir af nýrri þjónustu. Fengum m.a. fyrirspurn um hvort við værum til í samstarf um FAM ferð með ítölsku fyrirtæki.
- Unnið var að eftirfylgni eftir Vestnorden og vinnustofunni með því að senda ferðasölunum þær upplýsingar sem óskað var eftir og koma þeim í samband við samstarfsaðila eftir atvikum. Sömuleiðis verður sendur upplýsingapóstur til samstarfsaðila varðandi þessi fyrirtæki.
- Búið er að ganga frá skráningu fyrir Suðurland á Mid-Atlantic í Reykjavík í lok janúar 2023. Tekinn var fjórfaldur bás eins og venjulega.

Framundan eru vinnustofur í Amsterdam og Brussel 16. og 17. nóvember.

MAS samstarf

- Um miðjan október var MAS samstarfsfundur með öllu starfsfólki Markaðsstofanna, það voru í heildina um 20 manns. Unnið var í „branding“ fyrir Markaðsstofurnar með Kristjáni Schram. Út úr þeirri vinnu kom sköpunarskjal og skýrsla sem hægt er að nota í áframhaldandi vinnu.
- Nokkrir mannamótsfundir hafa átt sér stað, en eins og staðan er núna þá eru 103 skráðir á Mannamót og þar af 40 af Suðurland.
- Vefhópur markaðsstofanna hóf greiningarvinnu í byrjun haustsins um hvaða verkefni hann vill sjá þróast næst á landshlutavefum markaðsstofanna. Sú vinna mun halda áfram á næstunni og á fundi forstöðumanna um daginn var ákveðið að Ragnhildur tæki við sæti forstöðumanns sem situr í vefhóp af Díönu frá Vestfjörðum sem hefur látið af störfum.

Framundan er áframhaldandi vinna við Mannamót þar sem við erum í svipuðu hlutverki og undanfarin ár við að skipuleggja sýningarsvæðið ásamt ýmsu öðru.

Samstarf við sveitarfélög

Unnið hefur verið með sveitarfélögunum að uppfærslu á svæðiskorti Gullna hrings svæðisins þar sem sveitarfélögin ætla að prenta nýtt upplag í byrjun árs. Samtal er hafið um sambærilega uppfærslu á hinum svæðiskortunum tveimur.

Framundan er endurnýjun samninga við þrjú sveitarfélög, Árborg, Ölfus og Hveragerði. Erindi verða send á næstu dögum til þeirra sveitafélaga.

Samstarf við SASS

Starfsmaður MSS hjálpaði við að taka upp og klippa saman Atvinnumálalöng Uppsveita sem haldið var í október. Þá var fundað í samstarfshóp um Sóknarfæri nýsköpunar (Sunnanátt, MSS eru samstarfsaðilar) og fréttatilkynning mótuð. Sóknarfæri nýsköpunar er viðskiptahraðall sem haldinn verður eftir áramót.

Framundan er haustfundur atvinnuþróunarfélaga og að senda inn tillögu að áhersluverkefni.

Vefur og samfélagsmiðlar

Vinna við efnissköpun fyrir samfélagsmiðla og vef er alltaf í gangi. Nú undanfarið hefur verið unnið að nýjum undirsíðum um mismunandi þemu. Það er hluti af forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar að vinna slíkt efni, m.a. verið unnið að efni um fossa og UNESCO staðina á Suðurlandi.

Starfsmenn MSS sóttu Sahara festival í byrjun nóvember til að fá innblástur að því helsta sem er í gangi í samfélagsmiðlaheiminum í dag, t.d. er verið að prófa nýjar leiðir í Reels á Instagram. Framkvæmdastjóri sýndi myndbönd sem er búið að búa til fyrir samfélagsmiðlana.

Innra starf

Ávallt er í gangi samskipti við samstarfsaðila og kom eitt nýtt fyrirtæki í samstarf í vikunni. Búast má við einhverjum hreyfingum þar núna í aðdraganda Mannamóta.

Framundan er að vinna að rekstraráætlun, starfsáætlun, markaðsáætlun næsta árs.

Aðrir fundir / erindi

- Ýmsir fundir á tímabilinu sem starfsmenn sátu, m.a. var fundur með Hæfnisetri og SAF, atvinnumálalöng Uppsveita, faghópsfundur þar sem Eldfjallaleiðin var meðal annars kynnt fyrir hópnum og rædd. Starfsmenn MSS fóru á Sahara festival – Digital marketing.
- Farið var á kynning Ferðamálastofu um Gott aðgengi og einnig hlusta á kynning Ferðamálastofu um nýtt spálíkan fyrir ferðabjónustuna.

Framundan eru meðal annars stöðufundur með Ferðamálastofu, fundur MAS með stjórn og varastjórn Cruise Iceland á Akureyri í lok nóvember, fundur með Hæfnisetri og SAF um næstu skref við skipulag á fundaseríu eftir áramót og fundur Ferðamálastofu og MAS í byrjun desember.

Drög að fjárhagsáætlun

- Framkvæmdastjóri fer yfir drög að fjárhagsáætlun ársins 2022.

Önnur mál

Starfsmannamál

- Starfsmannamál rædd og ráðning nýs verkefnastjóra.

Fundi slitið kl. 11:30.